



Alþingi
Erindi nr. P 132/1471
komudagur 24.3.2006

Alþingi
Nefndarsvið
Austurstræti 8-10
-150 Reykjavík-

Reykjavík, 24. mars 2006
Tilvísun: 200603-0009

**Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um mat á
framfarhorfum og mannaflapörf í atvinnugreinum, 67. mál.**

Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar tillaga til þingsályktunar um mat á framfarhorfum og mannaflapörf í atvinnugreinum, 67. mál.

Í tillögunni er lagt til að stjórnvöld láti kanna reglubundið mannaflapörf og framfarhorfur í atvinnugreinum með það að markmiði að meta atvinnu-
möguleika námsmanna. Lagt er til að verkefnið verði samvinnuverkefni Vinnumálastofnunar og Samtaka atvinnulífsins.

ASÍ hefur mótað stefnu um svokallaðar „virkar vinnumarkaðsaðgerðir“. Í þeirri stefnu er m.a. lögð áhersla á að treysta þurfi og efla þann þátt í starfsemi Vinnumálastofnunar, svæðisvinnumiðlana og símenntunarstöðva sem lítur að náms- og starfsráðgjöf.


Það verkefni sem boðað er í tillögunni sem hér er til umsagnar fellur vel þessum áhersluatriðum. Það er hins vegar óeðlilegt að ekki virðist gert ráð fyrir aðild ASÍ að verkefninu.

Að því gefnu, **að tillögunni verði breytt þannig að einnig sé gert ráð fyrir aðild Alþýðusambandsins að verkefninu**, mælir ASÍ með því að tillagan verði samþykkt.

ASÍ vill vekja athygli á að mikilvægt er að verkefnið miði ekki aðeins að því að mæta þörfum námsmanna – heldur einnig annarra hópa sem treysta þurfa stöðu sína á vinnumarkaði, svo sem:

- Atvinnulausra ungmenna
- þeirra sem hafa litla menntun og/eða þurfa á endurmenntun að halda
- þeirra sem eru búnir að vera lengi atvinnulausir (lengur en hálf t. á).
- þeirra sem eru eldri en 55 ára.

f.h. Alþýðusambands Íslands,


Stefán Úlfarsson

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 21. mars 2006


Varðandi: mál nr. 67 um mat á mannaflapörf í atvinnugreinum.

Álit Bandalags íslenskra námsmanna (BÍSN)

BÍSN styður það að kannað verði reglubundið mannaflapörf og framtíðarhorfur í atvinnugreinum með það að markmið að meta atvinnumöguleika námsmanna eftir námsleiðum og efla þannig ráðgjöf við nemendur í framhalds- og háskólanámi.

Þess ber þó að gæta að aldrei verði reynt að stýra vali nemenda á framtíðar námsleið heldur verði ráðgjöfin miðuð við hlutlausa upplýsingagjöf. Einnig telur Bandalag íslenskra námsmanna nauðsynlegt að fulltrúar nemenda bæði á framhaldsskóla- og háskólastigi fái að koma að þessari vinnu með beinum hætti.

F.h. BÍSN



Eyrun Jónsdóttir

Framkvæmdastjóri BÍSN

Alþingi
Erindi nr. P 132/1707
komudagur 21.4.2006



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 19. apríl 2006

Efni: Umsögn BSRB um tillögu til þingsályktunar um mat á mannaflapörf í atvinnugreinum, 67. mál.

BSRB styður þingsályktunartillöguna og tekur undir rökstuðning í greinargerð með tillögunni.

f.h. BSRB


Svanhildur Halldórsdóttir

Félag náms- og starfsráðgjafa
Kennarahúsinu v/ Laufásveg
101 Reykjavík

Nefndasvið Alþingis
Félagsmálanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 24. mars 2006

Umsögn um þingskjal 67 – 67. mál á 132. löggjafarþingi 2005-2006

Þingsályktunartillaga um mat á framtíðarhorfum og mannaflapörf í atvinnugreinum

Félag náms- og starfsráðgjafa (FNS) fagnar þingsályktunartillögu um mat á framtíðarhorfum og mannaflapörf í atvinnugreinum. Félagið telur málið brýnt. Aðgengi að upplýsingum um þróun vinnumarkaðar og framtíðarhorfur samhliða upplýsingum um framboð menntunar er einn af grunnþáttunum í náms- og starfsvali einstaklinga og er nauðsynlegur þáttur í náms- og starfsráðgjöf. Með reglubundinni könnun á mannaflapörf og framtíðarhorfum í atvinnugreinum væri verið að leggja grunn að upplýsinganeti sem að bæði námsmenn og almenningur gætu nýtt sér varðandi þróun starfsferils þeirra. Þetta verkefni myndi vera stefnumótandi fyrir náms- og starfsráðgjöf á Íslandi og renna styrkari stoðum undir hana. Hér myndi skapast brú annars vegar á milli náms á framhaldsskólastigi, iðnmenntunar og starfsmenntunar og hinsvegar háskólanáms. Félag náms- og starfsráðgjafa vill koma á framfæri eftirfarandi :

Almennt álit

Íslenskt þjóðfélag og atvinnulíf hefur tekið miklum breytingum undanfarna áratugi sem hefur leitt til fjölbreytni í atvinnulífi og auknum tækifærum til sérhæfingar í námi og starfi. FNS er sammála flutningsmönnum þingsályktunartillögunnar að það hefði mikið gildi fyrir atvinnulífið og skipulega uppbyggingu menntakerfisins að hafa heildarsýn yfir framtíðarhorfur og mannaflapörf í einstökum atvinnugreinum.



Starf náms- og starfsráðgjafa felst meðal annars í því að víkka sjóndeildarhring nemenda og annarra er til hans leita með tilliti til náms og starfs þannig að þeir öðlist færni í að leita upplýsinga um nám og störf og þjálfist í að taka upplýstar ákvarðanir um framtíð sína sem byggjast á persónulegri sýn þeirra, áhugasviðum, gildum og viðhorfum. Líta má á náms- og starfsval sem ákveðið ferli þar sem einstaklingurinn metur sjálfsþekkingu sína (áhugasvið, starfsgildi og viðhorf), hefur aðgang að náms- og starfsupplýsingum, leitar og notfærir sér þær í tengslum við markmið sín, metur þá kosti sem honum stendur til boða og tekur síðan ákvörðun. Hér gegna upplýsingar lykilhlutverki. Þetta verkefni myndi ekki aðeins koma til móts við þarfir námsmanna og almennings vegna upplýsinga um vinnumarkaðinn og atvinnumöguleika heldur og náms- og starfsráðgjafa. Skortur hefur verið á að greiðum aðgangi að upplýsingum um nám og vinnumarkaðinn en það eru einmitt m.a. á slíkum upplýsingum sem ákvarðanir um náms- og starfsval byggjast¹. Það hefur lengi verið mat náms- og starfsráðgjafa að upplýsingar um þróun vinnumarkaðarins og heildarsýn á færnikröfur starfa á Íslandi myndi efla náms- og starfsráðgjöf til muna. Með framgangi þessarar þingsályktunartillögu væri verið að leggja mikilvægt lóð á vogarskálar upplýsingamiðlunar um nám og störf, þar sem fram koma tengsl menntunar (þekkingar), starfa og færni.

Athugasemdir við greinagerð

Alþjóðavæðing, tækniþróun og breytingar bæði í atvinnulífi og samfélagi hefur kallað á endurskipulagningu á hugtakinu sí- og endurmenntun og upplýsingalæsi. Hér er um að ræða ákveðna framtíðarsýn sem nauðsynlegt er að veita ungu fólki aðgangi að. Aðgangur að upplýsingum, færni til að lesa úr upplýsingum og stjórna náms- og starfsferli sínum gerir það að verkum að ákvarðanir einstaklings verða raunverulegri ef svo má að orði komast en ekki byggðar á skammtímalausnum eða tilfinningu. Hægt væri að álykta að upplýsinganet um framtíðarhorfur atvinnugreina og mannaflapörf myndi gera stefnumörkun í mennta- og félagsmálum markvissari þar sem tekið væri tillit til margra breyta. Mikilvægt væri að koma á skilvirku samstarfi á milli atvinnulífsins og mennta- og félagsmálayfirvalda. Það er mat Félags náms- og starfsráðgjafa að með sameiginlegri sýn, skilningi og aðgerðum þessara aðila

¹ Samtök iðndarins (SI) hafa haldið úti vefsetrinu www.idan.is. Þar er að finna lýsingar á námi og störfum í mörgum atvinnugreinum, með áherslu á iðn- og tæknimenntun auk þess sem að notendur hafa getað sent inn fyrirspurnir til námsráðgjafa. Vefurinn er einstakur og til mikillar fyrirmyndar. Vert er að skoða, í samstarfi við SI, framþróun hans.



myndi slíkt upplýsinganet verða að veruleika. Ávinningurinn væri væntanlega aukin þekking á þróun atvinnumarkaðar á Íslandi, sýnileg tengsl menntunar, færni og starfa, öflugri náms- og starfsráðgjöf og aukin samkeppnishæfni þjóðfélagsins.

Í greinargerðinni er vakin athygli á þeim skýrslum sem að OECD hefur samið varðandi eflingu um náms- og starfsráðgjafar² og samvinnu stjórnvalda og atvinnulífs varðandi uppbyggingu og viðhald starfsupplýsinga. FNS telur að margt megi af þessum skýrslum læra og þær séu góður leiðarvísir varðandi leiðir í framtíðarstefnumótun í náms- og starfsráðgjöf og þar með uppbyggingu upplýsinganets um nám og störf. Hægt er að nýta upplýsingar um árangursrík verkefni (best practices) er tengjast náms- og starfsráðgjöf og uppbyggingu upplýsinganeta um nám og störf.

Félag náms- og starfsráðgjafa þakkar fyrir það tækifæri sem gefst til að láta í té umsögn um þingsályktunartillöguna og býður fram fagþekkingu sína og reynslu ef þess verður óskað.

Virðingarfyllst,

Jónína Kárdal, formaður

Félag náms- og starfsráðgjafa

² Career Guidance Policy Review -

http://www.oecd.org/document/20/0,2340,en_2649_34511_32474452_1_1_1_1,00.html

Career Guidance. A Handbook for Policy Makers (2004) <http://www.oecd.org/dataoecd/53/53/34060761.pdf>

Career Guidance and Public Policy. Bridging the Gap (2004)

<http://www.oecd.org/dataoecd/33/45/34050171.pdf>



Alþingi
Erindi nr. P 132/1495
komudagur 29. 3. 2006

Félagsmálanefnd Alþingis
Selma Hafliðadóttir nefndarritari
Nefndarsviði Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 24. mars 2006
Tilvísun: HI06030025/004

Efni: Umsögn Háskóla Íslands um 67. mál 132. löggjafarþings varðandi mat á framtíðarhorfum og mannaflapörf í atvinnugreinum

Háskóli Íslands fagnar framkominni þingsályktunartillögu um mat á framtíðarhorfum og mannaflapörf í atvinnugreinum. Mikilvægt er að skoða með reglubundnum hætti þetta hvort tveggja, þar sem framboð menntunar og eftirspurn atvinnumarkaðarins eftir þekkingu og færni fer þarna saman. Með því væri einnig verið að leggja grunn að mikilvægu upplýsinganeti sem styrkja myndi náms- og starfsráðgjöf við nemendur bæði á framhalds- og háskólanámi. Háskólinn hefur um margra ára skeið starfrækt öfluga starfseiningu - Námsráðgjöf H.Í. - sem hefur verið leiðandi innan málaflokksins og staðið fyrir margvíslegum þróunarverkefnum. Skólinn þakkar fyrir það tækifæri sem gefst til þess að láta í té umsögn um þingmálið, og vill um leið bjóða fram þá þekkingu og reynslu sem Námsráðgjöf H.Í. býr yfir.

Almennt álit

Það er hverju þjóðfélagi mikilvægt að eigan greiðan aðgang að upplýsingum um nám og störf og framtíðarþróun í atvinnulífi. Þessi aðgangur að upplýsingum gefur bæði menntamálayfirvöldum og atvinnulífmu tækifæri til að stilla saman strengi og sjá fyrir - með góðum fyrirvara - hver menntunar- og færniþörf er í hinum ýmsu atvinnugreinum. Menntamálayfirvöld geta brugðist við með því að auka fjölbreytni náms og atvinnugreinar með því að vera í takt við nýjustu þróun hverju sinni. Þetta eykur þá um leið samkeppnishæfni hvers lands. Fyrir einstakling sem stendur frammi fyrir náms- og starfsvali er mikilvægt að hafa aðgang að þessum upplýsingum þar sem þær eru mjög mikilvægur hlekkur í valferlinu. Með samræmdum aðgerðum stjórnvalda (mennta- og félagsmála) og Samtaka atvinnulífsins væri hægt að byggja upp öflugt upplýsinganet sem ekki einungis gagnast námsmönnum heldur og almenningi. Það mætti álykta að ávinningurinn kæmi fram í aukinni heildarsýn og öflugri samvinnu við samtök atvinnulífsins, markvissara náms- og starfsvali, betri nýtingu mannauðs og aukinni samkeppnishæfni þjóðfélagsins.


Athugasemdir við greinargerð

Náms- og starfsráðgjöf hefur til langs tíma takmarkast við menntakerfið, innan grunnskóla, framhaldsskóla og háskóla. Breytingar á atvinnulífinu, tækniþróun og alþjóðavæðing hefur

kallað á framsækna sýn á sí- og endurmenntun og ekki síður að einstaklingurinn sjálfur hugi að sínum náms- og starfsferli og taki ákvarðanir þar að lútandi sem byggjast á persónulegri sýn, áhugasviðum, gildum og viðhorfum. Til að farsælt náms- og starfsval geti átt sér stað þarf m.a. að hafa greiðan aðgang að upplýsingum um nám og vinnumarkaðinn sem byggja þarf slíkar ákvarðanir á. Náms- og starfsráðgjafar á Íslandi og ráðþegar þeirra hafa fundið fyrir miklum skorti á þessum upplýsingum hér á landi. Það er álit Námsráðgjafar Háskóla Íslands að mjög brýnt sé að láta kanna reglubundið mannaflapörf og framtíðarhorfur í hinum ýmsu atvinnugreinum. Slíkt upplýsinganet myndi gera náms- og starfsráðgjöfma öflugri og markvissari, þar sem kæmu fram tengsl menntunar, færni og starfa. Um væri að ræða viðbót við þá upplýsingamiðlun sem þegar á sér stað, t.d. með ágætu vefsetri Samtaka atvinnulífsins, en hvergi er á hinn bóginn til heildstætt íslenskt upplýsinganet eða gagnagrunnur á einum stað þar sem tölfraðilegar upplýsingar um horfur á atvinnumarkaði og mannaflapörf. Framganga þessarar þingsályktunartillögu gæti því skipt sköpum hvað varðar stefnumótun í mennta- og atvinnumálum auk þess að efla náms- og starfsráðgjöf til muna.

Vert er, að lokum, að benda á framlag OECD í formi þeirra skýrslna sem hafa verið gefnar út er fjalla um náms- og starfsráðgjöf og nýta sér upplýsingar þar um árangursrík verkefni (best practices) er tengjast náms- og starfsráðgjöf og uppbyggingu upplýsinganeta um nám og störf.

Virðingarfyllst



Kristín Ingólfssdóttir
rektor

Tilvísanir:

1. Samtök iðndarins hafa haldið úti vefsetrinu www.idan.is. Þar er að finna lýsingar á námi og störfum í iðn- og tæknigreinum ásamt öðrum atvinnugreinum. Notendur hafa getað sent inn fyrirspurnir til náms- og starfsráðgjafa. Vefurinn er til mikillar fyrirmyndar.
2. Career Guidance Policy Review:
http://www.oecd.org/document/20/0,2340,en_2649_34511_32474452_1_1_1_1,00.html.
3. Career Guidance. A Handbook for Policy Makers (2004):
<http://www.oecd.org/dataoecd/53/53/34060761.pdf>.
4. Career Guidance and Public Policy. Bridging the Gap (2004):
<http://www.oecd.org/dataoecd/33/45/34050171.pdf>.



HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVÍK UNIVERSITY

Alþingi
Erindi nr. Þ 132/1361
komudagur 17.3.2006

14. mars 2006

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Umsögn um Tillögu til þingsályktunar um mat á framtíðarhorfum og mannaflapörf í atvinnugreinum, þskj. 67 - 67. mál.

Í tillögunni er gert ráð fyrir að ríkisstjórn verði falið að láta kanna reglubundið mannaflapörf og framtíðarhorfur í atvinnugreinum. Viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík styður tillöguna heils hugar og lýsir jafnframt áhuga á að koma að þróun þessa verks.

Rannsóknir á íslenskum vinnumarkaði eru af mjög skornum skammti og allar tillögur sem lúta að því að kortleggja betur aðstæður á íslenskum markaði því af hinu góða. Þá höfðar þessi tillaga sérstaklega til skólasamfélagsins. Áætlun um mannaflapörf og framtíðarhorfur í atvinnugreinum mun auðvelda nemendum að taka þá mikilvægu ákvörðun um hvernig undirbúningi undir framtíðarstörf skuli háttað. Á sama tíma mun slík áætlun auðvelda skólum að mæta eftirspurn atvinnulífsins eftir vinnuafli í framtíðinni.

Virðingarfyllst,

Þorlákur Karlsson, deildarforseti
Viðskiptadeild
Háskólans í Reykjavík

Katrín Ólafsdóttir, aðjúkt
Viðskiptadeild
Háskólans í Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 132/1366
komudagur 20.3.2006



KENNARAHÁSKÓLI
ÍSLANDS

Reykjavík, 16. mars 2006
0603024 sk

Nefndarsvið Alþingis
b.t. Selmu Hafliðadóttur
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um þingsályktunartillögu um mat á mannaflaþörf

Kennaraháskóla Íslands hefur borist til umsagnar tillaga til þingsályktunar um mat á mannaflaþörf í atvinnugreinum, 67. mál.

Kennaraháskólinn gerir ekki athugasemd við tillöguna.

Virðingarfyllst,

Svanhildur Kaaber
skrifstofustjóri, skrifstofu rektors

Stakkahlíð
105 Reykjavík
Sími: 563 3800
Símbref: 563 3833
www.khi.is

Alþingi
Erindi nr. Þ 132/1541
komudagur 6.4.2006



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8 – 10

150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 06.04.2006

Efni: Tillaga til þingsályktunar um mat á framtíðarhorfum og mannaflapörf í atvinnugreinum, 67. mál

Í tillögunni felst að ríkisstjórnin láti kanna reglubundið mannaflapörf og framtíðarhorfur í atvinnugreinum með það að markmiði að meta atvinnumöguleika námsmanna eftir námsleiðum. Gert er ráð fyrir að verkefnið verði samvinnuverkefni Vinnumálastofnunar og Samtaka atvinnulífsins.

Samtök atvinnulífsins eru sammála því undirliggjandi markmiði sem virðist búa að baki tillögunni að efla námsráðgjöf við nemendur í framhalds- og háskólanámi og stuðla að því að skólakerfið sinni sem best þörfum atvinnulífsins fyrir vel menntað og þjálfað starfsfólk.

SA hafa á hinn bóginn efasemdir um að sú leið sem mælt er með í tillögunni sé raunhæf. Stafar það annars vegar af því að í raun er mjög erfitt að gera nákvæmar langtímaspár um þróun einstakra atvinnugreina og þörf þeirra fyrir mannafla skipt eftir tegund menntunar. Er alls óvíst að slíkar spár veiti nemendum betri upplýsingar heldur en þær ályktanir sem þeir geta sjálfir dregið af því að ráða hver og einn í atvinnumöguleika til framtíðar á grundvelli fyrirbyggjandi upplýsinga.

Hins vegar skýrast efasemdir SA af því sem réttilega endurspeglast í greinargerð með tillögunni að mikið skortir á að tölfræðilegar upplýsingar um vinnumarkaðarinn séu með þeim hætti sem æskilegt getur talist. Gildir það bæði um tímanlega og ítarlega greiningu eftir atvinnugreinum og störfum í fjölda starfandi, atvinnuþátttöku, vinnutíma, atvinnuleysi, þátttöku útlendinga á íslenskum vinnumarkaði o.fl. sem og um launa- og kjaramál. Á meðan tölfræði um gildandi eða nýliðna stöðu á vinnumarkaði er með þeim hætti sem raun ber vitni, er viðleitni til að gera traustar framtíðarspár ekki vænleg til árangurs.

Flokkun Íslendinga eftir menntun liggur ekki fyrir í opinberum skráum og þar af leiðandi er ekki vitað hversu margir eða hátt hlutfall hvernar menntastéttar starfa í því fagi sem þeir hafa menntað sig til. Ætla mætti að slíkur gagnagrunnur sé forsenda þess að unnt sé að framreikna eftirspurn eftir tilteknum menntastéttum út frá áætlaðri þróun í atvinnulífi. Í þjóðskráum ýmissa landa, t.d. Danmerkur, er skráð formleg menntun hvers einasta einstaklings en svo háttar ekki til hér á landi og væri æskilegt að slík skráning yrði tekin upp.

Söfnun og úrvinnsla upplýsinga um vinnumarkaðinn er einkum í höndum Hagstofu Íslands, sem m.a. gerir ársfjórðungslega vinnumarkaðskönnun. Með samstarfssamningi við Kjararannsóknarnefnd hefur Hagstofan auk þess tekið að sér að vinna að öflun og úrvinnslu

Aðsetur:
Borgartún 35
105 Reykjavík

Sími:
591 00 00

Bréfsími:
591 00 50

Neffang:
sa@sa.is

Veffang:
www.sa.is



SAMTAK ATVINNULÍFSINS

upplýsinga um laun, launakostnað, vinnutíma o.fl. með svipuðum hætti og Kjararannsóknarnefnd gerði áður og sjá til þess að slíkar upplýsingar nái til allra höfuðatvinnugreina og allra helstu starfsgreina á vinnumarkaði.

SA telja að málefni þessi séu í réttum farvegi hjá Hagstofu Íslands, en starfið þarf að efla verulega og sjá til þess að niðurstöður birtist mun fyrr en verið hefur ásamt því sem greining og sundurliðun verði í betra samræmi við þarfir atvinnulífsins og annarra notenda upplýsinganna. SA telja auk þess mjög brýnt að efla söfnun og úrvinnslu upplýsinga um rekstur, afkomu og efnahag eftir atvinnugreinum, en þessi starfsemi er einnig í höndum Hagstofunnar. Telja SA að umbætur á tölfræðilegum upplýsingum um vinnumarkað og atvinnulíf séu forsenda bættrar framtíðarsýnar og hafi mikla þýðingu fyrir alla sem velta fyrir sér framtíðarþróun atvinnulífsins.

Í tillöggunni kemur ekki fram hvernig verkefnið sem þar er lýst skuli tengjast gildandi fyrirkomulagi um samráð menntamálayfirvalda við atvinnulífið, sbr. m.a. ákvæði um starfsgreinaráð fyrir allar helstu starfsgreinar eða starfsgreinaflokkka í 28. gr. laga nr. 80/1996 um framhaldsskóla. Er nauðsynlegt að þeir sem stýra skólastofnunum taki eðlilegt tillit til þeirra upplýsinga sem þar koma fram um þarfir atvinnulífsins og ekki augljóst að miðstýrð áætlanagerð um þarfir atvinnulífsins muni reynast skólum og nemendum betur en þær vísbendingar sem fram koma á þessum vettvangi.

Virðingarfyllst,
f.h. Samtaka atvinnulífsins



Guðlaugur Stefánsson

Aðsetur:
Borgartún 35
105 Reykjavík

Sími:
591 00 00

Bréfsími:
591 00 50

Netfang:
sa@sa.is

Veffang:
www.sa.is



23.3.2006

Félagsmálanefnd Alþingis

I. Inngangur

Atvinnulífsnefnd Stúdentaráðs Háskóla Íslands barst nýverið beiðni um að veita umsögn við þingskjali nr. 67. Eftirfarandi eru athugasemdir við þingsályktunina.

II. Athugasemdir og ábendingar

Við fögnum því frumkvæði sem háttvirtir þingmenn hafa sýnt með þingsályktunartillögu sinni. Málefnið sem verið er að takast á við er nauðsynlegt, og í raun furðulegt að ekki sé búið að vinna gögn um mannaflapörf í atvinnugreinum fyrr. Það er mjög mikilvægt að okkar mati fyrir stúdenta að vita hvort áralangt háskólanám skili þeim gráðu sem veitir þeim starf, eða hvort þeir þurfi að fara aftur í nám og reyna að hitta á grein sem þörf er á mannafla í.

Við teljum mikilvægt að námsráðgjafar hafi þessar upplýsingar við vinnu sína, aftur á móti finnst okkur varasamt ef nota á þessar upplýsingar til þess að takmarka aðgang að ákveðnum greinum innan háskólans. Þannig ættu þessar upplýsingar einungis að vera til leiðbeiningar fyrir nemendur, þar sem upplýsingarnar lýsa einungis ástandinu eins og það er þegar stúdent hefur nám en ekki þegar hann útskrifast.

f.h. Stúdentaráðs Háskóla Íslands

Harald Björnsson

Fjöldinir Guðmannsson

Reynir Jóhannesson

Stefanía Sigurðardóttir

Yngvi Eiríksson



Alþingi
Erindi nr. P 132/1417
komudagur 22.3.2006

Nefndasvið Alþings
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Dagsetning
Reykjavík, 20. mars 2006

Tilvísun
2006030081
03-1-3

Umsögn Vinnumálastofnunar
um tillögu til þingsályktunar
Þskj. 67 – 67. mál.

Vinnumálastofnun hefur lesið yfir tillögu til þingsályktunar um mat á mannaflapörf í atvinnugreinum, 67. mál, sbr. erindi félagsmálanefndar Alþingis, dags. 7. mars 2006.

Stofnunin tekur undir þau sjónarmið sem sett eru fram í greinargerð tillögunnar. Mat á framtíðarhorfum og mannaflapörf í ýmsum atvinnugreinum er af hinu góða og spor í rétta átt í framþróun mennta- og vinnumarkaðsmála.

F. h. Vinnumálastofnunar